

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/27/EB

frá 22. júlí 1997

um massa og mál tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og breytingu á tilskipun 70/156/EBE

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að koma hinum innri markaði að fullu á er nauðsynlegt að algjör samhæfing tæknilegra krafna fari fram með tilliti til vélknúinna ökutækja og að jafnframt sé stuðlað að haldgöðum vörnum fyrir almenn-ing.
- 2) Tæknilegar kröfur, sem tilteknir flokkar ökutækja skulu uppfylla samkvæmt landslögum, varða, meðal annars, massa þeirra og mál.
- 3) Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því ber nauðsyn til að öll aðildarríki samþykki sömu kröfur, annaðhvort til viðbótar gildandi reglum eða í stað þeirra, einkum til að greiða fyrir framkvæmd EB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar, sem fjallað var um í tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá

6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽⁴⁾, þannig að hún taki til allra ökutækja.

- 4) Æskilegt er að samhæfa hámarks massa og -mál þeirra vélknúna ökutækja og eftirvagna þeirra sem skrá á í aðildarríkjunum í samræmi við tilskipun 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu ⁽⁵⁾. Fyrirnefnd tilskipun gildir aðeins um umferð á yfirráðasvæði aðildarríkjanna en ekki um tæknikröfurnar sem kveðið er á um í tilskipun 70/156/EBE.

- 5) Í tilskipun 96/53/EB er kveðið á um tiltekin leyfileg hámarksmál og aðlögunartímabil fyrir gildistöku þeirra, bæði hvað varðar umferð innanlands og milli landa. Önnur tiltekin leyfileg hámarksmál, svo og leyfilegir hámarksmassar, gilda áfram aðeins um umferð milli landa.

- 6) Þar af leiðandi virðist ekki unnt að samhæfa á næstunni leyfilegan hámarks massa þeirra vélknúna ökutækja og eftirvagna þeirra, sem skrá á í aðildarríkjunum. Hins vegar virðist nú mögulegt að samhæfa hámarksmál þeirra eins og frekast er unnt, fást við massaspursmálið með því að leggja grunn að samræmdri málsmeðferð til þess að ákvarða leyfilegan hámarks massa þegar ökutæki eru skráð/tekin í notkun í hverju aðildarríki um sig og vinna sífellt að auknu

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 230, 4. 9. 1991, bls. 46.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 49, 24. 2. 1992, bls. 5.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. febrúar 1992 (Stjútíð. EB nr. C 67, 16. 3. 1992, bls. 81), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. nóvember 1996 (Stjútíð. EB nr. C 41, 10. 2. 1997, bls. 5), ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. apríl 1997 (Stjútíð. EB nr. C 132, 28. 4. 1997) og ákvörðun ráðsins frá 21. maí 1997.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/79/EB (Stjútíð. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 7).

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 59.

öryggi, einkum hvað varðar tiltekna flokka eftirvagna.

- 7) Samkvæmt 3. og 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 96/53/EB er aðildarríkjum heimilt að leyfa á yfirráðasvæði sínu notkun ökutækja í flokki N, sem eru með mál umfram þau mörk sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, annaðhvort vegna flutninga á óskiptanlegum farni eða vegna tiltekinnna flutninga innanlands sem hafa ekki teljandi áhrif á alþjóðleg samkeppnisskilyrði á sviði flutninga. Hvað varðar ökutæki í flokki M₂ og M₃ gildir tilskipun 96/53/EB aðeins um umferð milli landa. Því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir undanþágu og heimila viðurkenningu ökutækja, sem eru með mál umfram leyfileg hámarks mál sem kveðið er á um í þessari tilskipun og tiltekin önnur einkenni enda geti aðildarríkin hafnað ökutækjum sem hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt slíkum undanþáguákvæðum.

- 8) Þessi tilskipun er ein sértilskipananna sem ber að fara að til þess að tryggja að ökutæki séu í samræmi við kröfur um EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, sem varða kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.

- 9) Samkvæmt tilskipun 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli ásamt gerðarviðurkenningarvottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

- 10) Tekin hafa verið upp sérákvæði, sem varða ófullbúin ökutæki, í þeim tilgangi að greiða fyrir annars stigs viðurkenningu á ökutækjunum fullbúnum.

- 11) Með þessari tilskipun eru samþykkt sérákvæði með tilliti til lyftiása eða ása með hleðslufærslu. Einnig ber að taka tillit til slíkra ása í tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað í vissum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽¹⁾ og tilskipun ráðsins 70/311/EBE frá 8. júní 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað

vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽²⁾.

- 12) Einnig ber að taka sérákvæði upp í tilskipun 71/320/EBE til að unnt sé að taka meira tillit til þess, við hvaða tæknilegu skilyrði heimilt er að draga eftirvagna með ökutækjum í flokkum M₂, M₃ og N.

- 13) Einnig ber að taka sérákvæði upp í tilskipun ráðsins 76/114/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lögboðnar merkiplötur og áletranir á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, staðsetningu þeirra og uppsetningu ⁽³⁾ með tilliti til þess að ökutæki kunni að vera skráð með mismunandi massa í aðildarríkjunum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking orðsins „ökutæki“ sú sama og í 2. gr. og í II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, nema að því er varðar ökutæki í flokki M₁.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt af ástæðum sem varða mál og massa ökutækja að neita að veita EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða að banna að ökutæki verði selt, skráð, tekið í notkun eða notað, af ástæðum sem varða massa eða mál, ef kröfunum, sem settar eru fram í I. viðauka við þessa tilskipun, er fullnægt.

3. gr.

Þó er aðildarríki heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða hafna eða banna að ökutæki verði selt, skráð, tekið í notkun eða notað, eða líta svo á að samræmisvottorð þess sé ekki gilt í merkingu 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eða heimila aðeins að það sé notað til flutninga á óskiptanlegum farni, ef það,

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/422/EBE (Stjtuð. EB nr. L 233, 22. 8. 1991, bls. 21).

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. L 133, 18. 6. 1970, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/62/EBE (Stjtuð. EB nr. L 199, 18. 7. 1992, bls. 33).

⁽³⁾ Stjtuð. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 78/507/EBE (Stjtuð. EB nr. L 155, 13. 6. 1978, bls. 31).

eftir að hafa viðurkennt samkvæmt þessari tilskipun, nýtur undanþágunnar, sem kveðið er á um í 7. gr., enda brjóti slík undanþága í bága við innlendar kröfur viðkomandi aðildarríkis.

4. gr.

Þegar aðildarríki veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki, sem eru viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun, eða heimila að slík ökutæki séu skráð, tekin í notkun eða notuð, skulu þau ákvarða þeim leyfilegan hámarks massa innanlands við skráningu/upphaf notkunar ökutækja, í samræmi við samsvarandi leyfilegan hámarks massa innanlands. Þegar leyfilegur massi ökutækis er ákvarðaður við skráningu/upphaf notkunar getur ekkert aðildarríkja neitað að beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í IV. viðauka, fari framleiðandi þess á leit að henni verði beitt.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta aðildarríkin sett tæknilegar kröfur innanlands um ása með hleðslufærslu og lyftiása. Þó getur ekkert aðildarríkja neitað að beita þeim tæknilegu kröfum, sem mælt er fyrir um í 3. lið í IV. viðauka, fari framleiðandi þess á leit að þeim verði beitt.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og lið 7.3.2.1 í I. viðauka er aðildarríki heimilt til 31. desember 1999 að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða hafna eða banna að hópbifreiðar eða langferðabifreiðar, sem eru

meira en 2,50 m að breidd, verði seldar, skráðar, teknar í notkun eða notaðar, eins og kveðið er á um í 9. gr. tilskipunar 96/53/EB.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og lið 7.3 í I. viðauka, og án þess að kröfunum í lið 7.6 í I. viðauka hafi verið fullnægt, geta aðildarríki viðurkennt ökutæki þótt mál þeirra séu umfram það sem mælt er fyrir um í téðum liðum. Gera skal ítarlega grein fyrir undanþágunni í gerðarviðurkenningarvottorðinu í III. viðauka við þessa tilskipun og ákvæði 3. gr. skulu gilda.

8. gr.

Tilskipun 70/156/EBE er breytt sem hér segir:

a) I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við neðanmálgrein (j): „vegna ökutækja annarra en ökutækja í flokki M₁: tilskipun 97/27/EB, I. viðauki, lið 2.4.1.“
2. Eftirfarandi bætist við neðanmálgrein (k): „vegna ökutækja annarra en ökutækja í flokki M₁: tilskipun 97/27/EB, I. viðauki, lið 2.4.2.“
3. Eftirfarandi bætist við neðanmálgrein (l): „vegna ökutækja annarra en ökutækja í flokki M₁: tilskipun 97/27/EB, I. viðauki, lið 2.4.3.“

b) Í stað 48. liðar í IV. viðauka komi eftirfarandi:

	Efni	Númer tilskipunar	Tilvísun í Stj. t. EB	Gildir fyrir ökutækjaflokka										
				M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄	
„48	Mál og massi (önnur ökutæki en þau sem um getur í lið 44)	97/27/EB	L 233 25. 8. 1997		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

10. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins Fyrir hönd ráðsins,

J. M. GIL-ROBLES

J. POOS

forseti.

forseti.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. júlí 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

I. VIÐAUKI

1. Þessi tilskipun á við um massa og mál vélknúinna ökutækja í flokkum M₂, M₃ og N og eftirvagna í flokki O samanber skilgreiningu í II. viðauka (A) við tilskipun 70/156/EBE.
2. SKILGREININGAR
Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - 2.1. „Vélknúð ökutæki“: aflknúð ökutæki samanber skilgreiningu í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE.
 - 2.1.1. Vélknúin ökutæki í flokki N:
 - 2.1.1.1. „Vöruflutningabifreið“: vélknúð ökutæki í flokki N₁, N₂ eða N₃, hannað og smíðað eingöngu eða aðallega til vöruflutninga. Einnig getur það dregið eftirvagn.
 - 2.1.1.2. „Dráttarbifreið“: vélknúð ökutæki í flokki N₁, N₂ eða N₃, hannað og smíðað eingöngu eða aðallega til að draga eftirvagna.
 - 2.1.1.2.1. „Dráttarbifreið fyrir eftirvagna“: dráttarbifreið sem er hönnuð og smíðuð eingöngu eða aðallega til að draga eftirvagna, þó ekki festivagna. Hún getur verið búin hleðslupalli.
 - 2.1.1.2.2. „Dráttarbifreið fyrir festivagna“: dráttarbifreið sem er hönnuð og smíðuð eingöngu eða aðallega til að draga festivagna.
 - 2.1.1.3. Fullbúin ökutæki eða ökutæki búin í áföngum, í flokki N, önnur en vöruflutningabifreiðar og dráttarbifreiðar, teljast ökutæki til sérstakra nota.
 - 2.1.2. Vélknúin ökutæki í flokki M₂ eða M₃:
 - 2.1.2.1. „Hópbifreið eða langferðabifreið“: ökutæki í flokki M₂ eða M₃, hannað og smíðað til flutninga farþega í sætum, eða farþega í sætum og standandi farþega.
 - 2.1.2.1.1. „Liðskipt hópbifreið eða langferðabifreið“: hópbifreið eða langferðabifreið sem er samsett úr tveimur eða fleiri ósveigjanlegum hlutum sem eru tengdir saman með liðamótum, þannig að innangengt er á milli farþegavagnanna og farþegar geta farið hindrunarlaust á milli þeirra. Ósveigjanlegu hlutarnir eru varanlega tengdir og aðeins er hægt að ná þeim í sundur með búnaði sem er yfirleitt aðeins fyrir hendi á verkstæðum.
 - 2.1.2.1.2. Tveggja hæða hópbifreið eða langferðabifreið“: hópbifreið eða langferðabifreið þar sem farþegarýmið er að minnsta kosti að hluta til á tveimur hæðum og ekki gert ráð fyrir standandi farþegum á þeirri efri.
 - 2.1.2.1.3. „Undirflokkur“ hópbifreiðar eða langferðabifreiðar:
 - 2.1.2.1.3.1. Sé um að ræða ökutæki sem rúma fleiri en 22 farþega auk ökumanns:
 - 2.1.2.1.3.1.1. „Undirflokkur I“: ökutæki þar sem gert er ráð fyrir rými ætluðu standandi farþegum og tíðum hreyfingum farþega.
 - 2.1.2.1.3.1.2. „Undirflokkur II“: ökutæki ætluð flutningum á farþegum í sætum og þar sem gert er ráð fyrir standandi farþegum í miðlægum gangvegi og ef til vill á svæði sem ekki tekur meira rými en tvö tveggja manna sæti.
 - 2.1.2.1.3.1.3. „Undirflokkur III“: ökutæki sem eingöngu eru ætluð til flutninga á farþegum í sætum.
 - 2.1.2.1.3.2. Sé um að ræða ökutæki sem rúma 22 farþega eða færri auk ökumanns:
 - 2.1.2.1.3.2.1. „Undirflokkur A“: ökutæki ætluð til flutninga á standandi farþegum; ökutæki í þessum undirflokki er búð sætum og getur rúmað standandi farþega.
 - 2.1.2.1.3.2.2. „Undirflokkur B“: ökutæki sem ekki eru ætluð til flutninga á standandi farþegum; ökutæki í þessum flokki rúmar ekki standandi farþega.
 - 2.1.2.1.4. Ökutæki getur talist til fleiri en eins undirflokks. Þegar svo háttar til skal það standast allar samsvarandi kröfur þessarar tilskipunar.
 - 2.1.2.2. Ökutæki í flokkum M₂ og M₃, önnur en hópbifreiðar eða langferðabifreiðar, teljast ökutæki til sérstakra nota (til dæmis sjúkrabifreiðar).

- 2.2. **Ökutæki í flokki O:**
- 2.2.1. „*Eftirvagn*“: ökutæki, sem ekki er sjálfknúíð, en hannað og smíðað til þess að vera dregið af vélknúnu ökutæki.
- 2.2.2. „*Festivagn*“: dregið ökutæki sem er hannað til þess að tengjast dráttarbifreið fyrir festivagna, eða hjólaflæki þannig að verulegt lóðréttu álag sé á dráttarbifreiðinni eða hjólaflékanum.
- 2.2.3. „*Tengivagn*“: eftirvagn með minnst tveimur ásum, þar af sé að minnsta kosti einn stýranlegur, og:
- búinn dráttarbúnaði sem hreyfa má lóðrétt (miðað við eftirvagninn),
 - sem flytur ekki verulegt lóðrétt stöðuálag yfir á dráttarbifreiðina (innan við 100 daN).
- Þegar festivagn er tengdur hjólaflæka telst hann til venjulegra tengivagna.
- 2.2.4. „*Eftirvagn með miðlægum ás*“: ósveigjanlegur tengivagn þar sem ási eða ásum er komið fyrir nálægt þyngdarmiðju ökutækisins (með jafna hleðslu) þannig að aðeins lítið lóðrétt álag, ekki yfir 10% af hámarks massa eftirvagns, þó mest 1 000 daN (hvort sem er minna), færist yfir á dráttarbifreiðina.
- 2.3. „*Ásahópur*“: ásar sem tilheyra sama vagni. Hópur tveggja ása er kallaður tvíásasamstæða og hópur þriggja ása þríásasamstæða. Lítið er á stakan ás sem eins áss hóp.
- 2.4. „*Mál ökutækis*“: mál ökutækis samkvæmt byggingu þess eins og framleiðandi gefur þau upp.
- 2.4.1. „*Lengd ökutækis*“: mál sem er tekið í samræmi við ISO-staðal 612-1978, nr. 6.1.
- Við ákvæði staðalsins bætist að eftirfarandi skal undanskilja við lengdarmælingu:
- þurrku- og sprautubúnaður,
 - merkiplötur að framan og aftan,
 - innsigli tollyfirvalda og vörn þeirra,
 - festingar fyrir yfirbreiðslu og vörn þeirra,
 - ljósabúnaður,
 - baksýnispeglar,
 - baksýnishjálpartæki,
 - loftinntak,
 - lengdarlásar fyrir lausa hluta,
 - stigaprep,
 - gúmmístuðarar,
 - lyftupallar, skábrautir og tilheyrandi búnaður tilbúinn til notkunar, sem ekki skagar meira út en sem nemur 200 mm og sem ekki eykur á burðargetu ökutækisins,
 - tengibúnaður fyrir vélknúin ökutæki.
- 2.4.2. „*Breidd ökutækis*“: mál sem er tekið í samræmi við ISO-staðal 612-1978, nr. 6.2.
- Við ákvæði staðalsins bætist að eftirfarandi skal undanskilja við lengdarmælingu:
- innsigli tollyfirvalda og vörn þeirra,
 - festingar fyrir yfirbreiðslu og vörn þeirra,
 - gaumbúnaður vegna hjólbarða,
 - útstæðir, sveigjanlegir fhlutar hjól- og aurhlífarbúnaðar (sjá tilskipun ráðsins 91/226/EBE)⁽¹⁾
 - ljósabúnaður,

(¹) Stjórtíð. nr. L 103, 23. 4. 1991, bls. 5.

- fyrir ökutæki í flokki M_2 og M_3 , skábrautir tilbúnir til notkunar, lyftupallar og áþekkur búnaður tilbúinn til notkunar, að því tilskildu að ekki skagi meira en 10 mm út af hlið ökutækisins og að horn skábrautanna sem snúa fram eða aftur sé ávöl með 5 mm lágmarksradíus. Brúnir skulu vera ávalar með lágmarksradíus 2,5 mm.
 - baksýnisspeglar,
 - þrýstimælar hjólbarða,
 - færanleg þrep,
 - bunga á hjólbörðum beint ofan við snertiflöt við jörðu.
- 2.4.3. „*Hæð ökutækis*“: mál sem er tekið í samræmi við ISO-staðal 612-1978, nr. 6.3.
- Við ákvæði staðalsins bætist að eftirfarandi skal undanskilja við hæðarmælingu:
- loftnet,
 - straumteinaþreifarar (pantographs) í uppréttri stöðu.
- Sé ökutæki búið áslyftibúnaði skal taka tillit til áhrifa slíks búnaðar.
- 2.4.4. „*Lengd hleðslusvæðis*“ ökutækis, þó ekki dráttarbifreiðar fyrir festivagn eða festivagns, er fjarlægðin milli ysta punkts á framanverðu hleðslusvæðinu og ysta punkts á aftanverðu ökutækinu, mælt eftir ökutækinu endilöngu.
- Þegar fjarlægðin er mæld er eftirfarandi undanskilið:
- hleðslusvæði framan við aftasta hluta farþegarýmis,
 - búnaður sem um getur í lið 2.4.1., og
 - útstæðar kælieiningar og annar aukabúnaður framan við hleðslusvæðið.
- 2.5. „*Massi ökutækis, tilbúins til aksturs*“: massi óhlaðins ökutækis að meðtalinni yfirbyggingu og tengibúnaði, sé um dráttarbifreið að ræða, tilbúins til aksturs, eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með kælivökva, olíu, eldsneyti, öllum öðrum vökvum nema frárennslisvatni, áhöldum, varahjólí og öikumanni og, ef um er að ræða hópibifreiðar og langferðabifreiðar, massa starfsmanns í bifreiðinni (75 kg) ef sæti er í ökutækinu fyrir starfsmann).
- 2.6. „*Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (M)*“: leyfilegur hámarksmassi ökutækis með tilliti til byggingar þess og nothæfis, gefið upp af framleiðanda.
- Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu er notaður við að ákvarða flokk ökutækis í samræmi við II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, nema ef um er að ræða eftirvagn með miðlægán á eða festivagn, og er þá miðað við massa sem samsvarar álagi á ásana þegar ökutækið er hlaðið upp að tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu.
- Samkvæmt skilgreiningunni er aðeins hægt að ákvarða einn tæknilega leyfilegan hámarks- massa fyrir hverja tiltekna tæknilega samskipan ökutækisgerðar eins og hún er skilgreind samkvæmt einni samstæðu mögulegra gilda sem kveðið er á um í upplýsingaskjalinu í II. við- auka við þessa tilskipun. Þessi skilgreining - eitt stakt gildi - á við samsvarandi tækniröfur í liðum 2.7, 2.8, 2.10, 2.11 og 2.12 eftir því sem við á.
- 2.7. „*Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ás (m)*“: massi sem svarar til leyfilegs hámarks lóðréttis stöðuálags ássins á yfirborð vegar, miðað við byggingu ökutækisins og ássins og það sem framleiðandi gefur upp.
- 2.8. „*Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á áshóp (μ)*“: massi sem svarar til leyfilegs hámarks lóðréttis stöðuálags áshópsins á yfirborð vegar, bæði miðað við byggingu ökutækisins og áshópsins og það sem framleiðandi gefur upp.

- 2.9. „*Dreginn massi*“: annaðhvort massi tengivagns eða festivagns með búkkaás sem er tengdur við ökutækið, eða massi sem samsvarar álagi á ása eftirvagns með miðlægum ása eða festivagns sem tengdur er við ökutækið.
- 2.10. „*Tæknilega leyfilegt hámark dregins massa (TM)*“: hámark dregins massa sem framleiðandi gefur upp.
- 2.11. „*Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti ökutækis*“: massi sem svarar til leyfilegs hámarks lóðréttis álags á tengipunkti miðað við byggingu vélknúna ökutækisins og/eða tengibúnaðarins og það sem framleiðandi gefur upp. Samkvæmt skilgreiningunni er ekki innifalinn í þessum massa massi tengibúnaðar fyrir dráttarbifreiðar sem eru tilbúnar til aksturs, en hins vegar er massi tengibúnaðar fyrir önnur ökutæki innifalinn.
- 2.12. „*Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti festivagns eða eftirvagns með miðlægum ási*“: massi sem svarar til hámarks leyfilegs lóðréttis stöðuálags sem flyst frá eftirvagni til dráttarbifreiðar á tengipunkt, eins og framleiðandi eftirvagnsins gefur upp.
- 2.13. „*Tæknilega leyfilegur hámarkshleðslumassi vagnalestarinnar (MC)*“: hámarksgildi samantlagðra massa hlaðins ökutækis og hlaðins eftirvagns sem það dregur, miðað við byggingu ökutækisins og það sem framleiðandi gefur upp.
- 2.14. „*Áslyftibúnaður*“: búnaður sem er varanlega komið fyrir á ökutæki til þess að draga úr eða auka álag á ása eða ása, miðað við hleðslu ökutækisins:
- annaðhvort með því að hífa hjólin frá jörðu eða láta þau síga niður á jörð eftir því sem við á,
 - eða án þess að hífa hjólin frá jörðu (til dæmis ef um loftfjöðrunarkerfi eða önnur kerfi er að ræða)
- í því skyni að draga úr sliti á hjólbörðum þegar ökutækið er ekki fullhlaðið, og/eða að auðveldara verði að taka vélknúðið ökutæki eða samtengd ökutæki af stað á hálu undirlagi, með því að auka álag á drifásnum.
- 2.15. „*Lyftiás*“: ás sem hægt er að hækka og lækka með áslyftibúnaðinum í samræmi við fyrsta undirlið í lið 2.14.
- 2.16. „*Ás með hleðslufærslu*“: ás sem hægt er að stilla álagið á án þess að honum sé lyft með áslyftibúnaði í samræmi við annan undirlið í lið 2.14.
- 2.17. „*Loftfjöðrun*“: fjöðrunarkerfi þar sem að minnsta kosti 75% af fjöðruninni er loftfjöðrun.
- 2.18. „*Fjöðrun viðurkennd sem jafngild loftfjöðrun*“: fjöðrunarkerfi fyrir ökutækisás eða áshóp sem er í samræmi við kröfurnar í lið 7.11.
- 2.19. „*Gerð ökutækis*“: ökutæki sem eru eins í meginatriðum, til dæmis hvað varðar:
- framleiðanda,
 - ökutækjaflokk samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE,
 - grunnþætti í byggingu og hönnun, svo sem:
 - hvað varðar ökutæki í flokki M₂ og M₃:
 - undirvagn, sjálfbæra yfirbyggingu, hvort hæðir séu tvær eða ein, hvort ökutækið sé liðskipt eða ekki (augljós grundvallarmunur),
 - fjöðrun á drifási: loftfjöðrun eða jafngild/án lofts og ekki jafngild,
 - fjölda ása,
 - hvað varðar ökutæki í flokki N:
 - undirvagn/botn (augljós grundvallarmunur),

- fjöðrun á drifási: loftfjöðrun eða jafngild/án lofts og ekki jafngild,
- fjölda ása,
- hvað varðar ökutæki í flokki O:
 - undirvagn, sjálfbæra yfirbyggingu, (augljós grundvallarmunur), tengivagn/festivagn/eftirvagn með miðlægum ási,
 - hemlakerfi: án hemla/ýtihemlun/stiglaus hemlun,
 - fjölda ása.

Í þessum hluta eru eftirtaldir byggingar- og hönnunarþættir ekki taldir til grunnþátta: hjólhaf, hönnun ása, fjöðrun, stýring, hjólbarðar og samsvarandi breytingar á hemlajöfnunarbúnaði ásanna eða þrýstingslokar sem er bætt við eða þeir fjarlægðir eftir því um hvaða samskipan er að ræða með tilliti til dráttarþreiddar fyrir festivagn eða vöruflutningabifreiðar, og búnaður sem tengist undirvagni (svo sem vél, eldsneytisgeymar, grískipting o.s.frv.).

3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU

- 3.1. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram umsókn um gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis samkvæmt 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE vegna massa þess og mála.
- 3.2. Með henni skal fylgja upplýsingaskjal, en fyrirmynd að slíku skjali er að finna í II. viðauka við þessa tilskipun.
- 3.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té ökutæki, eitt eða fleiri, í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun og valið í samráði við tækniþjónustuna sem dæmigert fyrir gerðina sem á að viðurkenna.

4. EB-GERÐARVIÐURKENNING

- 4.1. Ef tilskildum kröfum er fullnægt skal veita EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
- 4.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í III. viðauka við þessa tilskipun.
- 4.3. Staðfesting, synjun eða útvíkkun á gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis er tilkynnt aðildarríkjunum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
- 4.4. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.

5. VIÐURKENNINGUM BREYTT

- 5.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda ef breyta á viðurkenningum sem eru veittar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

6. SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU

- 6.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

7. KRÖFUR

7.1. Mæling á massa ökutækis, tilbúins til aksturs, og á því hvernig hann jafnast á ásana.

Mælingar á massa ökutækis, tilbúins til aksturs, og á því hvernig hann jafnast á ásana eru gerðar á ökutækjum, sem eru lögð fram í samræmi við lið 3.3., í kyrrstöðu og skulu hjól þeirra vísa beint fram.

Séu frávik á mældum massa innan við 3% miðað við það, sem framleiðandi gefur upp fyrir samsvarandi tæknilega samskipan innan gerðarinnar, eða innan við 5% ef ökutækið er í flokki N₁, O₂, eða M₂ og er ekki yfir 3,5 t, er með tilliti til krafanna hér á eftir stuðst við massa ökutækja, tilbúinna til aksturs, og hvernig massinn jafnast á ásana, eins og framleiðandi gefur það upp. Að öðrum kosti er stuðst við mældan massa og getur tækniþjónustan ef nauðsyn krefur gert viðbótarmælingar á ökutækjum, öðrum en þeim sem lögð voru fram í samræmi við lið 3.3.

7.2. Mæling á málum

Heildarlengd, -breidd og -hæð eru mældar í samræmi við ákvæði lið 2.4. að því er varðar ökutæki tilbúin til aksturs, sem lögð hafa verið fram í samræmi við lið 3.3.

Reynist mæld mál frábrugðin þeim sem framleiðandi gefur upp fyrir samsvarandi samskipan innan gerðarinnar er stuðst við mældu málin með tilliti til krafanna hér á eftir og getur tækniþjónustan ef nauðsyn krefur gert viðbótarmælingar á ökutækjum öðrum en þeim sem lögð voru fram í samræmi við lið 3.3.

7.3. **Leyfileg hámarksmál fyrir ökutæki**

7.3.1. *Hámarks lengd*

7.3.1.1. Vélknúíð ökutæki: sjá lið 1.1 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

7.3.1.2. Eftirvagn (þó ekki festivagn): sjá lið 1.1 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

7.3.1.3. Liðskipt áætlanabifreið eða hópifreið: sjá lið 1.1 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

7.3.1.4. Festivagn:

Fjarlægðin sem um getur í lið 7.3.1.4.1 er mæld að undanskildum búnaðinum sem um getur í lið 2.4.1 og fjarlægðin sem um getur í lið 7.3.1.4.2 er mæld án þess að neitt sé undanskilið.

7.3.1.4.1. Fjarlægðin milli áss tengipinnans og afturenda festivagns, mæld lárétt eftir lengdarplani ökutækisins, má ekki vera meiri en þau mörk sem kveðið er á um í lið 1.6. í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

7.3.1.4.2. Fjarlægðin sem er mæld lárétt milli áss dráttarstólstengipinnans og hvaða punkts sem er á framenda festivagnsins má ekki vera meiri en sem nemur 2,04 metrum, eins og kveðið er á um í lið 4.4. í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

7.3.2. *Hámarksbreidd*

7.3.2.1. Öll ökutæki: sjá lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

7.3.2.2. Fastar eða færanlegar yfirbyggingar ökutækja í flokki N og O sem sérstaklega eru ætlaðar til vöruflutninga með stillanlegu hitastigi og eru með veggj sem eru meira en 45 mm þykkir að meðtalinni einangrun: sjá lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

7.3.3. *Hámarkshæð*

7.3.3.1. Öll ökutæki: sjá lið 1.3 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

7.4. **Útreikningur á massajöfnun**

7.4.1. *Reikningsaðferð*

7.4.1.1. Varðandi útreikning á massajöfnun, sem mælt er fyrir um hér á eftir, skal framleiðandi láta tækniþjónustunni, sem annast prófanirnar, í té þær upplýsingar (með töflum eða í öðru hentugu formi) sem nauðsynlegar eru svo að unnt sé að ákvarða - fyrir hverja tæknilegu samskipan innan hverrar gerðar ökutækja eins og hún er skilgreind af samstæðu hugsanlegra gilda í öllum liðum í II. viðauka við þessa tilskipun - samsvarandi tæknilega leyfilegan hámarks massa ökutækis með hleðslu, tæknilega leyfilegan hámarks massa á ása og áshópa, tæknilega leyfilegt hámark dregins massa, og tæknilega leyfilegan hámarks massa vagnalestarinnar með hleðslu.

7.4.1.2. Gera verður viðeigandi útreikninga til þess að ganga úr skugga um að eftirtöldum kröfum sé fullnægt hvað varðar hverja tæknilega samskipan innan gerðarinnar. Í því skyni er heimilt að takmarka útreikningana við verstu tilvikin.

- 7.4.1.3. Í kröfunum hér á eftir merkja tákinn M , m_i , μ_j , TM og MC eftirtaldar færíbreytur, en þær þurfa að standast kröfurnar sem settar eru fram í lið 7.4.:
- M = tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu,
- m_i = tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásin „i“, þar sem „i“ er breytilegt frá 1 til heildarfjölda ása ökutækisins,
- μ_j = tæknilega leyfilegur hámarksmassi á staka ásin eða áshópinn sem táknaður er með „j“, þar sem „j“ er breytilegt frá 1 til heildarfjölda ása ökutækisins,
- TM = tæknilega leyfilegt hámark dregins massa, og
- MC = tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar með hleðslu.
- 7.4.1.4. Sé um að ræða stakan ás sem táknaður er sem „i“ sem ás og „j“ sem áshópur er $m_i = \mu_j$ samkvæmt skilgreiningu.
- 7.4.1.5. Sé um að ræða ökutæki búin ásum með hleðslufærslu skulu eftirfarandi útreikningar miðast við að fjöðrun ása verði fyrir álagi miðað við venjulega tilhögun við akstur. Sé um að ræða ökutæki búin lyftiásum eru eftirfarandi útreikningar gerðir með ásana í lögstu stöðu.
- 7.4.1.6. Sé um áshópa að ræða skal framleiðandi gefa upp lögmálin að baki jöfnun heildarmassans á ása með tilliti til hópsins (til dæmis með því að leggja fram formúlur fyrir jöfnuninni eða með myndrænni framsetningu jöfnunarinnar).
- 7.4.1.7. Sé um festivagna og eftirvagna með miðlægum ási að ræða, og með tilliti til eftirfarandi útreikninga, er litið á tengipunkturinn sem ásin „O“ og samsvarandi massar m_o og μ_o skilgreindir sem tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti eftirvagnsins.
- 7.4.2. *Kröfur sem gilda um ökutæki í flokki N og O að undanskildum dregnum hjólhýsum*
- 7.4.2.1. Samanlagðir massar m_i skulu ekki vera minni en massi M .
- 7.4.2.2. Fyrir hvern áshóp „j“ skal summa massanna m_i á ásunum ekki vera minni en massinn μ_i . Að auki skal hver massi m_i ekki vera minni en sá hluti μ_i sem á við ásin „i“ eins og hann er skilgreindur samkvæmt lögmálum um massajöfnun fyrir viðkomandi áshóp.
- 7.4.2.3. Samanlagðir massar μ_i mega ekki vera minni en massi M .
- 7.4.2.4. Massi ökutækis, tilbúins til aksturs, að viðbættum massa sem svarar til 75 kg margfölduðum með fjölda farþega, að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti, má ekki vera meiri en massi M .
- 7.4.2.5. Þegar ökutæki er hlaðið að massa M í samræmi við einhverjar þær viðeigandi aðstæður sem lýst er í lið 7.4.2.5.1 til 7.4.2.5.3 skal massinn sem svarar til álagsins á ás „i“ ekki vera meiri en massi m_i á þeim ási og massinn sem svarar til álagsins á staka ásnun eða áshópnum „j“ skal ekki vera meiri en massi μ_i . Að auki skal massinn, sem svarar til álagsins á drifásnum, eða samanlagðir massarnir, sem svara til álags á drifásunum, vera að minnsta kosti 25% af M .
- 7.4.2.5.1. Dregin ökutæki og vélknúin ökutæki önnur en dráttarbífreiddar:
- 7.4.2.5.1.1. Eins jöfnun massa, sé um að ræða fullbúin ökutæki eða ökutæki fullbúin í áföngum, að undanskildum þeim sem um getur í lið 7.4.2.5.1.2: ökutækið tilbúið til aksturs með 75 kg massa í hverju farþegasæti er hlaðið að massa M , en farmi er skipað jafnt niður á rýmið sem ætlað er til vöruflutninga.
- 7.4.2.5.1.2. Mismunandi jöfnun massa (ójafnt álag), sé um að ræða annað hvort ófullbúin ökutæki eða ökutæki til sérstakra nota þar sem eingöngu á að flytja farm sem jafnast með mismunandi hætti skal framleiðandi gefa upp ystu hugsanlegu mörk staðsetningar þyngdarmiðju farmsins og/eða yfirbyggingar og/eða búnaðar eða innréttinga (dæmi: á bilinu frá 0,50 að 1,30 framan við fyrsta afturásinn). Sannprófa skal allar hugsanlegar staðsetningar þyngdarmiðjunnar með ökutækið tilbúið til aksturs með 75 kg massa í hverju farþegasæti hlaðið að massa M .
- 7.4.2.5.2. Dráttarbífreiddar með eftirvagn og vöruflutningabífreiddar sem einnig eru ætlaðar til að draga eftirvagn með miðlægum ási.
- 7.4.2.5.2.1. Sömu útreikningar og í lið 7.4.2.5.1.1, sé um að ræða fullbúin ökutæki eða ökutæki fullbúin í áföngum önnur en ökutæki til sérstakra nota, eða lið 7.4.2.5.1.2, sé um að ræða ófullbúin ökutæki eða ökutæki til sérstakra nota, eru gerðir miðað við allar þær eftirfarandi aðstæður sem koma til greina:

- a) án álags á tengipunkti (sé um að ræða dráttarþreifð, þó að meðtöldu álagi, sem svarar til massa tengibúnaðarins ef hann fylgir með af hálfu framleiðanda, enda sé það innifalið í massa ökutækis tilbúins til aksturs, samanber lið 2.5);
- b) með álagi sem svarar til þess hámarks massa á tengibúnaði sem framleiðandi gefur upp, ef hann setur ekki tengibúnaðinn upp sem er notaður á tengipunkti (og dregst það frá farminum).
- c) með álagi sem svarar til þess tæknilega leyfilega hámarks massa á tengipunkti sem verkar á tengipunktinn (og dregst það frá farminum).

7.4.2.5.3. Ökutæki sem draga festivagna

7.4.2.5.3.1. Sé um að ræða fullbúið ökutæki eða ökutæki fullbúið í áföngum: framleiðandi skal gefa upp ystu stöður dráttarstólsásins. Sannprófun taki til sérhverrar stöðu sem dráttarstólsásinn getur verið í og er ökutækið, tilbúið til aksturs, með 75 kg massa í hverju farþegasæti, hlaðið að massa M (og skal farminum beitt á dráttarstólsásinn).

7.4.2.5.3.2. Sé um að ræða ófullbúið ökutæki: sömu sannprófanir og í lið 7.4.2.5.3.1 skulu framkvæmdar út frá ystu leyfilegu stöðum dráttarstólsásins sem eru tilgreindar af hálfu framleiðanda.

7.4.2.6. Þegar ökutæki í flokki N er hlaðið að massa M og afturás þess (nefndur „n“ sem ás) eða aftasti áshópur (nefndur „q“ sem áshópur) er hlaðinn að massa m_n eða μ_q skal massinn sem hvílir á stýriásnum eða -ásunum ekki vera minni en 20% af M.

7.4.2.7. MC skal ekki vera meiri en $M + TM$.

7.4.3. Kröfur sem gilda um hópþreifðar og langferðabifreiðar

7.4.3.1. Kröfurnar í lið 7.4.2.1 til 7.4.2.3 og lið 7.4.2.7 gilda.

7.4.3.2. Massi ökutækisins tilbúins til aksturs, að viðbættum massa Q sem skilgreindur er í töflu í lið 7.4.3.3.1, margfaldaður með heildarfjölda farþega, að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarks massa á tengipunkti, að viðbættum mössum B og BX sem skilgreindir eru í lið 7.4.3.3.1, skal ekki vera meiri en massi M.

7.4.3.3. Þegar ófullbúið ökutæki er hlaðið að massa M við aðstæðurnar sem er lýst í lið 7.4.2.5.1.2, eða þegar fullbúið ökutæki eða ökutæki fullbúið í áföngum, tilbúið til aksturs, er hlaðið eins og er lýst í lið 7.4.3.3.1, má massinn, sem svarar til álags á hverjum ás, ekki vera meiri en massi m_1 á hverjum ási, og massinn sem svarar til álags á hvern stakan ás eða áshóp má ekki vera meiri en massinn μ_1 á þeim áshópi. Auk þess skal massinn sem svarar til álags á drífás eða samanlagðir massar sem svara til álags á drífása ekki vera minni en 25% af M.

7.4.3.3.1. Ökutæki, tilbúið til aksturs, er hlaðið með massa Q í hvert farþegasæti, fjöldanum SP, sem svarar til fjölda standandi farþega, og massi Q með reglulegu millibili í rýminu S_1 sem er ætlað standandi farþegum, massa sem svarar til B (kg) sem dreifist jafnt yfir farangursrýmin, og þar sem við á, massa sem svarar til BX (kg) sem dreifist jafnt á yfirborð þaksins þar sem er búnaður til að bera farangur, að gefnu eftirfarandi:

S_1 er rýmið sem ætlað er standandi farþegum, eins og það er skilgreint í væntanlegri tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins varðandi sérákvæði vegna ökutækja í flokkum M₂ og M₃. Þar til sú tilskipun tekur gildi telst S_1 svara til skilgreiningar reglugerðar SP/EBE nr. 36 (skjal E/EBE/TRANS/505/REV 1, ADD 35) og nr. 52 (skjal E/EBE/TRANS/505/REV 1, ADD 51).

SP, sem framleiðandi gefur upp, má ekki vera umfram gildi S_1/S_{Sp} , þar sem S_{Sp} er það rými, sem venja er að ætla einum standandi farþega, samanber töfluna hér á eftir.

B (kg), sem framleiðandi gefur upp, skal hafa tölugildi sem ekki er lægra en $100 \times V$ (V er heildarrúmmál farangursrýmis í m³).

BX, sem framleiðandi gefur upp, skal valda tilteknu álagi sem ekki er minna en sem nemur 75 kg/m² yfir allan þann yfirborðsflöt þaksins þar sem er búnaður til að bera farangur.

Q og S_{Sp} hafa gildin sem koma fram í eftirfarandi töflu:

Flokkur ökutækis	Q (kg) massi eins farþega	S_{Sp} (m^2 á farþega) rými, sem venja er að ætla einum standandi farþega
Flokkar I og A (**)	68	0,125
Flokkur II	71 (*)	0,15
Flokkar III og B	71 (*)	Enginn standandi farþegi

(*) Að meðtöldum 3 kg handfarangri.

(**) Ef einnig á að samþykkja ökutæki í flokki II eða III eða B sem ökutæki í flokki I eða A skal ekki taka tillit til massa farangurs í farangursrými, sem aðeins er aðgengilegt utan ökutækisins, varðandi samþykki vegna síðastnefndu flokkanna.

7.4.3.4. Þegar ökutæki er tilbúið til aksturs og hlaðið eins og tilgreint er í lið 7.4.3.3.1 skal massinn sem svarar til álags á framás eða framásahóp ekki vera minni en hundradshlutinn af M sem kemur fram í eftirfarandi töflu:

Hleðsla	Flokkar I og A		Flokkur II		Flokkar III og B	
	Óliðskipt	Liðskipt	Óliðskipt	Liðskipt	Óliðskipt	Liðskipt
Óhlaðið	20	20	25	20	25	20
Hlaðið	25	20	25	20	25	20

7.4.4. *Kröfur sem gilda um ökutæki í flokki M_2 önnur en hópbifreiðar og langferðabifreiðar, einnig um dregin hjólhýsi*

Kröfurnar í lið 7.4.2.1 til 7.4.2.4 og í lið 7.4.2.7 gilda. Ef ófullbúið ökutæki er hlaðið að massanum M í samræmi við aðstæðurnar sem er lýst í 7.4.2.5.1.2 eða þegar fullbúið ökutæki eða ökutæki fullbúið í áföngum, tilbúið til aksturs, er hlaðið að massanum M eins og lýst er í viðbæti við II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/21/EBE⁽¹⁾, skal massi sem svarar til álagsins á hvern ás ekki vera meiri en massi m_i á sama ás, og massinn sem svarar til álagsins á hverjum stökum ás eða ásahóp skal ekki vera meiri en massi μ_j á sama ásahópi. Enn fremur skal massinn sem svarar til álagsins á drifásinn eða samanlagður massinn sem svarar til álagsins á drifásana ekki vera minni en 25% af M.

7.5. **Skilyrði sem þarf að sannprófa þegar ökutæki er flokkað sem torfærutæki (II. viðauki, 4. hluti, tilskipun 70/156/EBE).**

7.5.1. Tæknipjónustan skal sannprófa hvort fullbúið ökutækið, eða ökutækið fullbúið í áföngum, eða ökutækið sem dregur festivagn án dráttarstóls geti talist torfærutæki í samræmi við kröfurnar sem kveðið er á um í II. viðauka við 70/156/EBE.

7.5.2. Hvað varðar önnur ófullbúin ökutæki er þessi sannprófun aðeins gerð að beiðni framleiðanda.

7.6. **Stýrihæfni**

7.6.1. Öllum vélknúnum ökutækjum og öllum festivögnum skal vera unnt að stýra til beggja hliða í heilan 360° hringferil innan svæðis sem afmarkast af tveimur sammiðja hringjum, þar sem radíus ytri hringis er 12,50 m og radíus innri hringis 5,30 m, án þess að ystu punktar ökutækisins (að frátöldum framskagandi hlutum sem mælt er fyrir um varðandi breidd ökutækis í lið 2.4.2) nái út fyrir ummál hringjanna.

Sé um að ræða vélknúin ökutæki og festivagna með áslýftibúnað (sjá lið 2.14) gildir þessi krafa einnig um ásinn eða ásana í upplýftri stöðu (í skilningi lið 2.14).

Fyrirgreindar kröfur skal sannprófa sem hér segir:

7.6.1.1. *Vélknúin ökutæki*

Fremsti punktur vélknúna ökutækisins skal fylgja útlínu ytri hringisins (sjá mynd A).

⁽¹⁾ Stjórt. nr. L 129, 14. 5. 1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/48/EB (Stjórt. nr. L 233, 30. 9. 1995, bls. 73).

7.6.1.2. *Festivagnar*

Festivagn telst standast kröfurnar í lið 7.6.1 ef hjólhaf hans er ekki meira en sem nemur

$$\sqrt{(12,50 - 2,04)^2 - (5,30 + L/2)^2}$$

þar sem L er breidd festivagnsins og hvað varðar þennan lið er hjólhafið mælt sem fjarlægðin frá ási dráttarstóltengipinnans að miðlínu búkkaásanna sem eru án stýrisbúnaðar; sé einn eða fleiri búkkaásanna sem eru án stýrisbúnaðar búinn lyftibúnaði (sjá lið 2.14) skal hjólhafið mælt miðað við að ásin eða ásarnir séu í neðstu/uppliftri stöðu, hvort sem lengra mælist. Komi upp vafamál geta viðurkenningaryfirvöld farið fram á að prófun samkvæmt lið 7.6.1. fari fram.

7.6.2. *Viðbótarkröfur sem gilda um ökutæki í flokki M₂ eða M₃ og N.*

Þegar ökutækið er kyrrstætt og stýrð hjól þess vísa þannig að færi ökutækið af stað myndi ysti og fremsti punktur þess teikna hring með 12,50 m radíus, verður til lóðrétt plan sem snertir þá hlið ökutækis, sem snýr út úr hringnum, við það að dregin er lína á jörðina. Sé um að ræða liðskipt ökutæki í flokki M₂ eða M₃ skulu báðir óliðskiptir hlutar þess mynda beina línu við planið.

Þegar ökutækið hreyfist fram á við á hvora hliðina sem er eftir hringnum sem er með 12,50 m radíus má enginn hluti þess fara út fyrir lóðréttu planið meira en sem nemur 0,80 m (sjá mynd B) ef um er að ræða óliðskipt ökutæki eða um meira en sem nemur 1,20 m (sjá mynd C) ef um er að ræða liðskipt ökutæki í flokki M₂ eða M₃.

Sé um að ræða ökutæki með áslyftibúnað gildir þessi krafa einnig þegar ásin eða ásarnir eru í uppliftri stöðu (í skilningi lið 2.14).

Sé um að ræða ökutæki í flokki N með lyftiása í uppliftri stöðu, eða ása með hleðslufærslu í óhlaðinni stöðu gildir talan 1,00 m í stað 0,80 m.

7.6.3. *Kröfurnar í 7.6.1 og 7.6.2 má einnig sannprófa, að beiðni framleiðanda, með samsvarandi og jafngildum útreikningi eða rúmfræðilegri tilraun.*

Mynd A

Mynd B

Mynd C

- 7.6.4. Sé um að ræða ófullbúin ökutæki skal framleiðandi gefa upp leyfileg hámarks mál sem skal sannprófa þegar gengið er úr skugga um hvort ökutækið standist kröfurin í lið 7.6.1 og 7.6.2.
- 7.7. **Viðbótarkröfur sem gilda um vélknúin ökutæki í flokki M₂ og M₃**
- Tæknilega leyfilegt hámark dregins massa má ekki vera meira en 3 500 kg.
- 7.8. **Tæknilega leyfilegt hámark dregins massa á tengipunkti vélknúinna ökutækja og uppsetningarleiðbeiningar fyrir tengingar**
- 7.8.1. Tæknilega leyfilegur hámarks massi á tengipunkti vélknúins ökutækis sem hannað er til að draga eftirvagn með miðlægum ási og með tæknilegt leyfilegt hámark dregins massa meira en 3,5 tonn skal nema að minnsta kosti 10% tæknilega leyfilegu hámarki dregins massa, eða 1 000 kg, hvort gildið sem lægra er, en sé um að ræða vélknúin ökutæki önnur en dráttar bifreiðar skal bæta við massa tengibúnaðarins, fylgi hann ökutækinu frá hendi framleiðanda, eða leyfilegum hámarks massa tengibúnaðarins ef hann fylgir ekki með frá hendi framleiðanda.
- 7.8.2. Tæknilega leyfilegur hámarks massi á tengipunkti vélknúins ökutækis sem hannað er til að draga eftirvagn með miðlægum ási og með tæknilega leyfilegt hámark dregins massa 3,5 tonn eða minna skal nema að minnsta kosti 4% tæknilega leyfilegs hámarks dregins massa, eða 25 kg, hvort gildið sem lægra er, en sé um að ræða vélknúin ökutæki önnur en dráttar bifreiðar skal bæta við massa tengibúnaðarins, fylgi hann ökutækinu frá hendi framleiðanda, eða leyfilegum hámarks massa tengibúnaðarins ef hann fylgir ekki með frá hendi framleiðanda.
